

Þriðjudaginn 5. mars 1974.

Nr. 96/1971: Haukur Magnússon og Þórir Magnússon

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sigþóri Sigurðssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Yfirlandskiptagerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Jón Ísberg sýslumaður og meðdóمندurnir Jón Tryggvason oddviti og Guðbjartur Guðmundsson ráðunautur.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1971. Krefjast þeir þess, að felld verði úr gildi yfirskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots, sem var gerð 16. október 1962. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að afrýjendum verði dæmt að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ný gögn.

Af gögnum máls verður ráðið, að afrýjendur hafi eigi síðar en á árinu 1963 lýst því, að þeir vildu ekki una yfirlandskiptum, og gert kröfur um leiðréttingu þeirra. Virðist eftir það hafa verið gerðar langvinnar tilraunir til að leysa ágreining aðilja með samkomulagi. Samkvæmt því verður ekki talið, að afrýjendur hafi með tómlæti um vefengingu á yfirlandskiptum glatað rétti til að leita til dómstóla um ógildingu á þeim.

Aðiljar voru sammála um, að skipti neðan þjóðvegarsins að meðtöldu túni Brekkukots, sem gerð voru 20. maí 1913, héldust óbreytt. Yfirlandskiptamenn hafi við skiptin ofan vegar úthlutað Brekku 13.7 ha úr landi jarðarinnar Litlu-Giljár.

Grundvöllur yfirlandskiptanna er að þessu leyti rangur, og ber þegar af þessari ástæðu að fella yfirlandskiptagerðina frá 16. október úr gildi og ákveða, að yfirlandskipti skuli fara fram af nýju.

Í málinu er ágreiningur um heildarstærð jarðanna og þeirra jarðarparta, sem komu í hlut hvors aðilja við skiptin. Eftir málflutningi fyrir Hæstarétti virðist enn fremur vera einhver ágreiningur um vesturmörk jarðanna á Vatnsdalsfjalli, en það ber að athuga, áður en skipti fara fram, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1941.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um laun talsmanna aðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Landskiptagerð yfirlandskiptanefndar frá 16. október 1962 á landi Brekku og Brekkukots í Sveinsstaðahreppi er úr gildi felld, og skulu yfirlandskipti fara fram af nýju.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um laun talsmanna aðilja.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 28. maí 1971.

Mál þetta var tekið til dóms 1. júlí 1970, en vegna nokkurra atriða, sem dómurinn taldi, að þyrftu skýringar við, var það tekið upp aftur og flutt að nýju og endanlega tekið til dóms í dag.

Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 23. júlí 1968 af Hauki Magnússyni bónda, Brekku, og Þóri Magnússyni bónda, Syðri Brekku, gegn Sigþóri Sigurðssyni bónda, Brekkukoti, öllum í Sveinsstaðahreppi.

Stefnendur hafa með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1970, fengið gjafsókn í málinu, og hefur stefndi með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. október 1969, fengið gjafvörn í málinu.

Kröfur stefnenda eru, að felld verði úr gildi yfirskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots frá 16. október 1962 og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir

mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi krefst þess aðallega, að framkominni riftunarkröfu verði hrundið og að stefnendum in solidum verði gert að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en til vara, að hin umstefndu yfirsípti verði staðfest, en með þeirri lagfæringu, að norðurendi merkjalínu frá Sandhóli verði vikið til austurs á bökkum Giljár, þannig að geirinn upp til Sandhóls svari að stærð og landgæðum til þriðja parts af þríhyrningi norðvestast í landinu, sem talið er, að eigi hafi átt að falla undir skiptin, og til þrautavara, að verði skiptum hrundið, nái riftunin einnig til undirsíptanna, en málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að í október 1959 fóru fram skipti á óskiptu landi jarðanna Brekku og Brekkukots í Sveinsstaðahreppi. Landskiptum þessum var vísað til yfirlandskiptanna, og voru yfirsíptin og yfirsíptagerð dagsett 16. október 1962. Reynt var mikið til þess að sætta aðilja, en allar slíkar tilraunir reyndust árangurslausar.

Stefnendur, sem ekki vilja una yfirlandskiptunum, byggja riftunarkröfur sínar aðallega á því, að hluta af landi Litlu-Giljár, eða 13.7 ha, hafi yfirlandskiptanefndin tekið með sameiginlegu landi jarðanna og látið koma í hlut Brekku. Auk þess fái Brekkukot meira land en því bar vegna ónákvæmni korta, en landstærðin er aðallega reiknuð út eftir korti gerðu og útfærðu af Landnámi ríkisins, og bera stefnendur þá fyrir sig kort (loftmynd) gert af varnarliði Bandaríkjanna á dskj. nr. 12, sem þeir telja, að gefi réttari mynd af landstærðinni. Dómurinn vefengir ekki í sjálfu sér þetta kort, og bendir á, að allar línur og þeir útreikningar samkvæmt þeim eru gerðir samkvæmt fyrrisögn annars málsaðilja, en ekki þeirra í sameiningu. Á réttarskjölum nr. 11 og 32 eru kort af öllu landi beggja jarðanna, gerð af Landnámi ríkisins og sem yfirsíptanefnd lagði til grundvallar skiptunum. Inn á þau eru ekki færðar tölur, er sýna landstærð. Lögfræðingur stefnda hefur afhent dóminum til notkunar sams konar kort með innfærðum stærðartölum landskiptanefndar að sögn. Til þess að sannreyna þessar tölur fékk dómurinn Þorstein H. Gunnarsson ráðunaut til þess að mæla upp kortið með planómeter. Skakkar þar sama og engu, eða 5 ha á öllu landinu, sem er yfir 1300 ha að stærð. Þá má einnig geta þess, að stærðartölur landshluta samkvæmt kortinu á dómsskj. nr. 12 eru mjög svipaðar og í sumum tilfellum eins og á korti Landnámsins, sem yfirsíptanefndin notaði. Dómurinn mun

því við athugun á landstærð leggja til grundvallar kort Landnáms ríkisins með hliðsjón af mælingu Þorsteins H. Gunnarssonar ráðunauts á dómsskj. nr. 36, er tekur tölur um landstærð frá stefnendum sem viðmiðunartölur, enda hlýtur skekkja á svona stóru og mishæðóttu landi að vera einhver á venjulegu korti í svona mælikvarða.

Þá hefur dómurinn sæmilega yfirsýn yfir landið, því hann ásamt lögmönnum og eigendum, Hauki Magnússyni og Sigbóri Sigurðssyni, fór á vettvang miðvikudaginn 1. júlí, áður en málið var flutt, og litu á landið austan fjallsins eða Geitabólsflóann og landið fram og fjallshlíðina. Næsta dag fór svo dómurinn ásamt eigendum, Sigbóri Sigurðssyni og Þóri Magnússyni, og litu á heimalandið, það er landið neðan vegar og upp frá þjóðvegi að Geitabólsflóanum. Samkvæmt framlögðum gögnum ber að skipta landinu í hlutföllunum 2:1, Brekka 2, Brekkukot 1, og eru aðiljar sammála um að láta þegar gerð skipti á landi neðan þjóðvegar halda sér svo og tún Brekkukots 12.9 ha ofan vegar.

Þá voru aðiljar sammála um að bæta skuli Brekkukoti upp það, sem á vantar, að það fái þriðjung út úr landstærðinni neðan vegar plús 12.9 ha ofan vegar, en það eru 3.7 ha. Stefnendur halda því fram, að samkomulagið um að láta skiptin halda sér neðan vegar plús 12.9 ha ofan vegar byggist á því, að Brekkukoti verði bættir þessir 3.7 ha með nákvæmlega sömu landstærð.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallist, sbr. 3. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941. Landi ber að skipta þannig, að notagildi þess verði svipað, en ekki eingöngu farið eftir landstærð, þótt auðvitað beri að hafa hana til hliðsjónar. Stefnendur hafa haldið því fram, að ekki hafi verið tekið tillit til þess af yfirlandskiptanefnd, að Brekku hafi verið skipt í tvær jarðir, og séu skiptin af þeirri ástæðu hæpin, og segir svo í stefnu: „Landræma Brekku frá þjóðvegi og upp á móts við Músagil samkvæmt úrskurði yfirskiptanefndar er langt of mjó til þess, að hún verði klofin í tvennt til umferðar og nytja.“

Dómurinn lítur svo á, að skipta hafi átt sameiginlegu landi Brekku og Brekkukots, en ekki einnig milli Brekkubænda, enda virðist slík krafa ekki hafa komið fram og því séu skiptin rétt, hvað þetta snertir. Rétt er að benda á, að hin tilvitnuðu ummæli gætu valdið misskilningi, þar sem engin breyting er gerð á merkjum ofan vegar (næst veginum) hvorki við undirskiptin né yfirskiptin, enda liggur merkjalínan um tún Brekkukots og getur vart verið nær því en hún er, og úr túninu sveigir hún frá ánni og breikkar

landsvæði Brekku, sem í sjálfu sér hefur ekki raunhæfa þýðingu, hvað umferð snertir, þar sem um er að ræða allbrattar brekkur, sem Brekkukotsbóndinn verður að fara, vilji hann nýta land sitt í fjallinu og hlíðinni upp frá línunni Músagil—Sandhóll.

Dómurinn á í sjálfu sér ekki að vega og meta landstærð og landgæði. Það eiga skiptamenn að gera, en þó verður hann að taka afstöðu til notagildis landsins til þess að geta sagt til um, hvort hrinda beri yfirlandskiptagerðinni að kröfu stefnenda.

Þegar horft er yfir heimalandið, þ. e. landið neðan þjóðveggar og landið milli hugsaðrar línu, dreginnar þar sem Geitabólslóinn byrjar og upp í fjallsrætur að vestan, fer ekki hjá því, að ljóst virðist vera, að Brekka hafi ekki borið skarðan hlut þar frá borði, og er þá skiptihlutfall og landgæði haft í huga. Svo til allt land Brekku neðan vegar er graslendi og næstum allt ræktanlegt og að mestu ræktað. Þar sem aftur á móti graslendi Brekkukots neðan vegar er engi, sem liggur of lágt til þess að ræsa megi það með þeim aðferðum, sem nú eru notaðar, og allstór hluti landsins er melar sams konar og þeir, sem eru sunnan Brekkukotstúns, og einnig norðan túnsins milli þjóðveggar og Geitabólslóa, en það land kemur í hlut Brekku, þá virðist ekki ósanngjarnt, að hluti Brekkukots verði eitthvað stærri að flatarmáli en sem nemur skiptahlutfallinu 2:1 til að vega upp landgæðin.

Þegar lítið er á kortið, kemur í ljós, að stærð Brekku í þessum landshluta er 197.9 ha, en land Brekkukots 115.6 ha, eða Brekkukot hefur fengið fram yfir í þessum hluta 11.1 ha, sem er að áliti dómsins ekki óeðlilegt, þegar landgæði eru höfð í huga, a. m. k. telur dómurinn þennan stærðarmismun ekki það verulegan, að ógildingu allra skiptanna eigi að valda.

Þá telja stefnendur sig vanhaldna af skiptingu fjalllendisins, þeir fáí tiltölulega stórt land og meira en þeim bæri að flatarmáli, en það liggi fjær og sé mikið minna gróið en það, sem kemur í hlut Brekkukots, og að sumu leyti sé það mínus fyrir Brekku að fá þetta land, þar sem gera verði að því skil, en gagnið af því er mjög lítið. Það er útaf fyrir sig alveg rétt, að fjallendi Brekku liggur fjær en fjallendi Brekkukots og er einnig minna gróið, ef lítið er á heildina. Fjallshlíðin, sem kemur í hlut Brekkukots, er betur gróin en fjallshlíðin fram af og mikið hægar um vik að nýta hana og sennilega hægt að girða hana af, svo að fé sleppi ekki. Fjallshlíðin, sem fellur í hlut Brekkukots, er talin vera ca. 157 ha, og af þeim hluta er nokkur hluti gróið land. Þó er allt fjalllendið, sem lendir í hlut Brekkukots, gróið og ógróið, ekki

stærri en á að giska undirlandið framan Sandhóls, sem lendir í hlut Brekku, og hefur Brekka þá fjallendið, sem gróið er, sem uppbót. En allt fjalllendið skiptist allt að því í hlutföllum 4:1 Brekku í vil.

Þá er komið að aðaldeiluefninu, stærðarhlutfalli í Geitabólsflóanum og 98 ha spildu framan hans, sem Brekkukoti var úthlutað við yfirskiptin, svo og 13.7 ha, sem teknir voru með vegna mistaka af landi Litlu-Giljár. Hvernig þessi skekkja komst inn, hefur ekki verið kannað, en þar er orð á móti orði, enda aukaatriði í sjálfu sér.

Skekkjan er viðurkennd, og hana ber að leiðrétta, enda auðvelt. Af þessum 13.7 ha, sem látnir voru koma í hlut Brekku, ber Brekkukoti að skila $1/3$ eða ca. 4.57 ha til baka, og er rétt, að yfirlandskiptanefndin mæli út þessa spildu úr sambærilegu landi og láti Brekku í té, enda sé notagildi sama, eða á stærðinni sé tekið til notagildis og landgæða landsins, svo að Brekka fái í sinn hlut sambærilegt land. Geitabólsflóinn er talinn vera ca. 157 ha, og er þá meðtalið það land, sem er eign Litlu-Giljár. Landsvæði fyrir framan Sandhól, sem kemur í hlut Brekkukots, er 98 ha, eða samtals 255 ha, frá þessu dregst hluti Litlu-Giljár, eða 13.7 ha, svo eftir verður 241.3 ha, eða ef skipt er í réttum flatarmálshlutföllum í hlut Brekku 160.9 og Brekkukots 80.4, eða Brekkukot hefur fengið þarna um 13 ha umfram það, sem þeim bar, ef miðað er við flatarmál landsins. (Hluti Brekkukots 98 ha mínus $1/3$ af hluta Litlu-Giljár, eða um 4.6 ha, eða 93.4 ha). Þegar ákvæði 3. gr. landskiptalaganna eru höfð í huga og miðað við landgæði og nýtingaraðstöðu, þá lítur dómurinn svo á, að sú ráðstöfun yfirskiptanefndar að láta Brekkukot fá þarna umfram tölulegt skiptahlutfall 13 ha geti ekki talist óeðlileg ráðstöfun, eða að minnsta kosti ekki svo fjarri lagi, að af þeirri ástæðu beri að ónýta yfirlandskiptin.

Að lokum telja stefnendur skiptingu landsins sem heild óheppilega og aðstöðu alla til búreksturs stórversna, og þá einkum vegna þess, að beitarhúsin á Geitabóli verði ekki nýtt sem skyldi eftir krossskiptingu, eða eins og segir í dómsskjali 26, „krossskipting sú um Sandhól, sem yfirskiptanefnd viðhafði, veldur því, að búrekstrar-gildi jarðanna Brekku og Syðri Brekku hefir breyst til hins verra. Svo og væru öll mannvirk á Geitabóli orðin fánýt frá þeirri stund sem girt væri eftir þessum krossmerkjum.“

Dómurinn lítur svo á, að full djúpt sé tekið í árinni í framanritaðri tilvitnun. Krossskipting geti ekki haft úrslitaáhrif á bú-

rekstrargildi, og virðist svo sem önnur leið en krossskipti hafi ekki verið fær við skipti milli þessara jarða. Samkvæmt landskiptalögum ber að skipta landi þannig, að hver jarðarhluti verði sem heillegastur, þannig að næsta fjallendi hlaut að koma í hlut Brekkukots. Ákvæði samningsaðilja um að virða fyrri skipti á landi neðan þjóðvegur kemur í veg fyrir breiðari spildur frá merkjum Litlu-Giljár að túni Brekkukots, og línun úr túninu liggur skáhallt á brattann í áttina að Músagili, og línun Músagil—Sandhóll getur vart verið mikið nær fjallinu, ef girðing væri hugsuð á línunni, þannig að skerða hefði þurft fjallendi Brekkukots að framan upp af Geitabóli, ef hlutur þess hefði orðið of mikill í fjallendinu að álitu yfirskiptanefndar, þannig að sá fjallendisviðauki, sem Brekka hafði þannig fengið, getur ekki hafa haft neina raunhæfa úrslitabýðingu fyrir „búrekstrargildi“ jarðanna. Og er þá haft í huga, að önnur leið er ekki til upp að Geitabóli en um núverandi land Brekku samkvæmt yfirskiptum.

Yfirskiptanefnd gat auðvitað látið Brekkukot fá ræktunarland úr Geitabólsflóanum næst merkjum Litlu-Giljár og hefði sú sneið auðvitað verið mikið minni en 98 ha vegna þess, að hún hefði orðið unginn úr flóanum, og þá hefði Brekkukot orðið að fá umferðarrétt yfir landsvæði Brekku og hefði það getað valdið Brekkubændum, stefnendum, óhagræði. Þegar á allt er litið, er hæpið, að hægt hefði verið að skipta öðruvísi en með krossskiptingu landsins, úr því að búið var að binda sig við skiptingu neðan þjóðvegur, en hefði það ekki verið, hefði Brekkukot getað fengið væna sneið þar af ræktunarlandi, svo aldrei hefði komið til álita að láta það hafa ræktunarland uppi á flóanum. Enn má benda á, að krossskipting er síður en svo bönnuð í landskiptalögum og hefur verið viðurkennd nauðsyn í sumum tilfellum af dómstólunum. Með vísan til þessa, sem að framan hefur verið rakið, þykja ekki fram komin nægileg rök til þess að hnekkja skiptagerð yfirskiptagerðar frá 16. október 1962 í heild, heldur aðeins að leggja fyrir yfirlandskiptanefndina að mæla úr landi Brekkukots Brekku til handa landskika, sem svarar þriðjung að stærð, notagildi og landgæðum, sneiðar þeirrar úr landi Litlu-Giljár, er lenti innan merkja Brekku á korti yfir óskipt land Brekku og Brekkukots.

Málsatvik eru þannig, að ekki þykir rétt að dæma málskostnað í þessu máli, og fellur hann niður, en þar sem aðiljar hafa fengið gjafsókn og gjafvörn í þessu máli, verður að ákveða málskostnað þeim til handa, og þykir rétt, að lögmenn hvors aðilja um sig

fái greiddar kr. 65.000.00 úr ríkissjóði, og er þá allt meðtalið annað en beinn útlagður ferðakostnaður.

Dómsorð:

Yfirlandskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots frá 16. október 1962 skal standa óhöggð. Yfirlandskiptanefndinni ber þó að mæla úr landi Brekkukots Brekku til handa landskika, sem svarar þriðjung að stærð, notagildi og landgæðum sneiðar þeirrar úr landi Litlu-Giljár, er lenti innan merkja Brekku við landskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en ríkissjóður greiði málflutningslaun talmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefnda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00 til hvors.

Föstudaginn 8. mars 1974.

Nr. 175/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Eysteini Þorvaldssyni

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða, sem framið var 21. desember 1969, var eigi fyrnt, er dómsrannsókn hófst í máli þessu 26. nóvember 1971, sbr. 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu og með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.